

Alþingi  
Erindi nr. P 140/94  
komudagur 11.11.2011

Iðnaðarráðuneyti - staða liða í fjárlagafrumvarpi 2012 (1. umr)

Yfirlit fjárlaganúmera ásamt fjárheimildum árunna 2011 og 2012 og sundurliðun breytinga - allar fjárhæðir í m.kr.

Fjárlaga- Númer	Liður	2011 Stærð	2011 Breyting á milli árunna	2011 Breyting á milli árunna	2011 Breyting á milli árunna	2011 Stærð	2012 Stærð	Breyting m.kr.	Breyting (%)	Stærð og Breyting á milli árunna
11-101-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	201,9	0,0	-1,2	15,1	215,8	13,9	6,9%	Tilfærsla til rekstrarfélags vegna ráðherrabreiða	
11-199-110	Til ráðstofnunar samkvæmt ákvorðun ráðherra	5,6	-0,6			5,0	-0,6	-10,7%		
11-205-101	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	508,1	-22,2		35,6	521,5	13,4	2,6%		
11-240-101	Iðnaðarannsóknir og stöðja	5,1	-1,1			4,0	-1,1	-21,6%		
11-242-110	Tæknipróunarsjóður	720,0	5,0			725,0	5,0	0,7%		
11-251-110	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	157,0	-3,5			153,5	-3,5	-2,2%		
11-299-110	Fastanefndir	3,6				0,2	3,8	0,2	5,6%	
11-299-115	Fjárfestingarstofan	17,3				1,5	18,8	1,5	8,7%	
11-299-119	Staðlaráð	54,0				54,0	0,0	0,0%	Gerð er tillaga um að færa Staðlaráð af sértekjum (tryggingagjald)	
11-299-130	Alþjóðlegt samstarf	21,6	-0,4			1,0	22,2	0,6	2,8%	
11-299-148	Átak til atvinnusköpunar	140,0	-10,0	-60,0		70,0	-70,0	-50,0%	Niðurfelling á tímabundnu framlagi vegna leigu afaheimilda í skótsel og frfstundaveiðar	
11-299-198	Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðs	39,7	-2,8		0,3	37,2	-2,5	-6,3%		
11-301-101	Orkustofnun	295,0	-14,8		19,1	299,3	4,3	1,5%	Tillaga iDN um 10 m.kr. til lokunar bortholu á Suðumesjum er utan frumvarps	
11-371-101	Rekstur Orkusjóðs	30,2	-0,6		1,6	31,2	1,0	3,3%		
11-373-111	Niðurgreiðslur á hitun Iðnaðarhúsnæðis	1.142,7	-29,4		58,7	1.172,0	29,3	2,6%		
11-375-111	Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	245,0	-5,0			240,0	-5,0	-2,0%		
11-399-122	Vistvænnir orkugjafir	14,7	-0,4		0,8	15,1	0,4	2,7%		
11-399-124	Notendur utan samveitna	41,9	-0,8	23,0		64,1	22,2	53,0%	Vegna hækkandi kostnaðar við framleiðslu rafmagns utan samveitna	
11-399-198	Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	23,8	-0,5	15,0	1,4	39,7	15,9	66,8%	Verðar- og nýlingaráætlun vegna virkjunar falvatna og háhitasvæða	
11-401-110	Byggðaaætlun	317,6	-12,6			305,0	-12,6	-4,0%		
11-411-110	Byggðastofnun	139,7	-5,7		10,4	144,4	4,7	3,4%		
11-411-111	Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	146,3	-2,9	10,0	11,3	164,7	18,4	12,6%	Til atvinnuþróunarfélags á Suðumesjum skv. samþykkt ríkisstjórnar	
11-501-101	Ferðamálastofa	304,0	-5,2		13,9	311,7	7,7	2,5%		
11-501-112	Markaðsstofur innanlands	0,0		18,0		18,0	18,0		Fjárveitingar Alþingis (1.90) til Markaðsstofa fluttur á nýjan lóð	
11-501-113	Markaðs- og kynningarmál erlendis	126,0	-2,5		4,8	128,3	2,3	1,8%		
11-511-641	Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	48,0				48,0	0,0	0,0%		
11-599-144	Markaðssókn í íslensku ferðapjónustu	75,0	-3,6	300,0		371,4	296,4	395,2%	Tímabundið framlag til þess að draga úr árstíðasveiflum í ferðamennsku	
11-599-147	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	69,3	-4,3		0,9	65,9	-3,4	-4,9%		
11-599-151	Háskólafélag Suðurlands, verkefnið Katla-Jarðvangur	0,0		37,0		37,0	37,0		Tímabundin heimild til ráðstofnunar á IPA styrk: Katla-Jarðvangur	
11-599-190	Ýmis ferðamál	24,5	-6,5	-18,0		0,0	-24,5	-100,0%	Fjármunir fluttir af 1.90 vegna markaðsstofa - annað niðurfelt	
11-599-198	Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	36,3	-0,6		1,9	37,6	1,3	3,6%		
	Samtals	4.953,9	-132,0	323,8	178,5	5.324,2	370,3	7,5%		

Iðnaðarráðuneyti - Frumvarp til fjárukalaga 2011 - Yfirlit yfir tillögur ráðuneytis og stöðu þeirra (1. umr)

Tillögur IDN - settar fram í frumvarp til FAUK 2011 (1. umr) - allar fjárhæðir í m.kr.

Fjárlaga- viðfang	Heiti	Skýring	Fjárhæð FAUK 2011
11-101-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	Millifært vegna umsýslu ráðherrabifreiða	-1,2
11-299-119	Staðlaráð	Endurskoðuð áætlun um fjárhæði af tryggingagjaldi	2,0
11-373-111	Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	Framlag til lagningar hitaveitu frá Blönduósi að Skagaströnd	50,0
11-399-124	Notendur utan samveitna	Til að mæta hækkandi kostnaði við framleiðslu rafmagns utan samveitna	70,0
11-411-110	Byggðastofnun	Til að meta samfélagsleg áhrif af niðurskurði ríkisútgjalda	2,0
11-599-144	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	Átak til að jafna árstíðasveiflu í ferðaþjónustu	300,0
		<b>Samtals</b>	<b>422,8</b>

Tillögur sem IDN lagði fram en eru ekki innan frumvarps til FAUK 2011 (1. umr) - allar fjárhæðir í m.kr.

Fjárlaga- viðfang	Heiti	Skýring	Fjárhæð FAUK 2011
11-299-198	Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	Framlag til uppbyggingar Garðarshólms á Húsavík	5,0
11-301-101	Orkustofnun	Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða	25,0
11-371-101	Rekstur Orkusjóðs	Framlag til að auka eigið fé sjóðsins	90,0
11-511-641	Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	Framlag fellur niður vegna ferstunar á upptöku gistináttaskatts	-48,0
		<b>Samtals</b>	<b>72,0</b>

11. nóvember 2011

Samantekt skráninga í fjárlagakerfi af IDN fyrir 2. umræðu

### Samantekt tillagna IDN fyrir 2. umræðu fyrir frumvarp til fjárlaga 2012 og fjárukalaga 2011

#### Fjárukalög 2011

#	Liður	Staða tillögu / tilefni	Aðgerð IDN	Fjárhæð (m.kr)
1	Rammaáætlun (11-301)	<ul style="list-style-type: none"><li>Tillögu IDN fafnað af FJR – var því ekki skráð í frumvarp FAUK 2011</li><li>FJR gerir ekki ráð fyrir að felldar tillögur komi aftur fram</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Ný greinargerð send til FJR</li><li>Tillaga skráð í fjáragakerfi fyrir 2. Umræðu FAUK</li></ul>	25
2	Endurgreiðsla v. kvikmynda (11-251)	<ul style="list-style-type: none"><li>Tillaga frá IDN fór ekki inn í frumvarp</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Minnisblað sent til FJR.</li><li>Tillaga skráð í fjárlagakerfi</li></ul>	480

#### Fjárlög 2012

#	Liður	Staða tillögu / tilefni	Aðgerð IDN	Fjárhæð (m.kr)
3	Endurgreiðsla v. kvikmynda (11-251)	<ul style="list-style-type: none"><li>EKKI var sótt um aukningu á þessum lið í maí – enda var þörfin ekki orðin ljós</li><li>Tillaga að óbreyttu um 150 m.kr.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Í ljósi reynslunnar af árinu 2011 þarf að gera tillögu um hækkun fjárheimildar ársins 2012</li><li>Eitt stórt erlent verkefni getur að óbreyttu klárað heimildir ársins</li></ul>	350
4	Orkustofnun (11-301)	<ul style="list-style-type: none"><li>Ný löggjöf gerir ráð fyrir auknu raforkueftirliti</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Gera tillögum um auknar heimildir vegna raforkueftirlits</li><li>Á móti þessum útgjöldum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist</li></ul>	50
5	Hitaveita Skagaströnd (11-373)	<ul style="list-style-type: none"><li>Sóknaráætlunarverkefni fjármagnað með nýrri heimild</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Verkefnið er hluti af sóknaráætlunum landshluta</li><li>Tillaga gerð um nýja fjárveitingu í samráði við FJR/FOR</li></ul>	30

#### Heimildagrein (6. gr.) fjárlaga 2012

#	Liður	Staða tillögu / tilefni	Aðgerð IDN	Fjárhæð (m.kr)
6	Byggðastofnun	<ul style="list-style-type: none"><li>Tillaga IDN náði ekki inn í frumvarp – hafnað af FJR</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Sent bréf til FJR um heimild í 6 gr. frumvarps.</li></ul>	Allt að 2.000
7	Orkusjóður	<ul style="list-style-type: none"><li>Tillaga IDN náði ekki inn í frumvarp – hafnað af FJR</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Sent bréf til FJR um heimild í 6 gr. frumvarps.</li></ul>	Allt að 100





# ORKUSTOFNUN

- þekkingarbrunnur um orkumál

**Minnisblað: Til iðnaðarráðherra um skiptingu fjárlagaliðar 11-373 árið 2012.**

## *Tillaga samkvæmt fjárlögum*

Fjárveiting samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012, til fjárlagaliðar 11-373, niðurgreiðslur á húshitun, nemur er 1.172,0 m.kr. sem er hækkun á milli ára sem nemur 29,3 milljónum króna.

### *Tafla 1.*

Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði	m.kr
Fjárlög 2011, fjárlagaliður 11-373	1.142.700.000
Aðhaldstillaga	-29.400.000
Verðlagsuppfærsla	58.700.000
Frumvarp til fjárlaga, 11-373 fyrir 2012	1.172.000.000

Fjárveitingin skiptist á 5 verkefnaliði en í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er nánar mælt fyrir um úthlutun þessa fjár. Í lögnum er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á húshitun og greiðsla kostnaðar af umsjón og eftirliti gangi fyrir, en að heimilt sé að verja allt að 20% heildarfjárveitingar til stofnstyrkja, allt að 5% til jarðhitaleitar og allt að 3% til orkusparnaðaraðgerða.

Niðurgreiddur er kostnaður við flutning og dreifingu raforku til húshitunar, sem er sérleyfisþáttur heildar-raforkuverðs, auk þess sem 12 auru orkuskattur er einnig niðurgreiddur.

Árið 2011 nam niðurgreiðslan um 66% kostnaði við flutning og dreifingu á hverju dreifiveituvæði.

## *Tillögur Orkustofnunar um skiptingu fjárlagaliðar 11-373 fyrir árið 2012*

### *Tafla 2.*

Frumvarp til fjárlaga 2012 fjárlagaliðurliður 11-373	Endanlegt niðurstaða fjárlagaliðar 11-373 fyrir árið 2011	Tillaga OS á skiptingu fjárlagaliðar 11-373 fyrir árið 2012
1. Niðurgreiðslur á húshitun	1.046.200.000	1.014.300.000
2. Olía og einkarafstöðvar	14.000.000	8.000.000
3. Orkusparnaðaráttak allt að 1,5%	17.140.500	17.000.000
4. Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	12.000.000	12.000.000
5. Jarðhitaleit	0	0
6. Stofnstyrkir til hitaveitna og vistvænnar orkuöflunar	53.359.500	120.700.000
Samtals:	1.142.700.000	1.172.000.000

### **1. Niðurgreiðslur á húshitun**

Í áætlun fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir lækkun milli ára til beinna niðurgreiðslna verði samtals 31,9 m.kr. sbr. liður 1. í töflu 1. Þessi breyting er skýrð hér á eftir í liðun a) –c).

#### a) Lækkun niðurgreiðslna á húshitun

Orkustofnun gerir ráð fyrir að fjárförf til beinna niðurgreiðslna lækki um 12 m.kr. milli ára þar sem færri njóta niðurgreiðslna árið 2012 vegna stofnstyrkja til hitaveitna, varmadæluvæðingar og endurbótastyrkja á árinu 2011. Í tillögnum miða við að greiðslur kr./kWst. verði óbreyttar.

Samtals lækkun 12 m.kr.

#### b) Niðurfelling ¼ niðurgreiðslu á húshitun

Samkvæmt lögum nr. 78/2002 er heimilt að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignaskrá Íslands, þótt þar sé ekki föst búseta. Heimildin nær til þess að greiða niður orkumagn sem svarar til fjórðungs af því orkumagni sem niðurgreitt er vegna þeirra íbúða sem njóta niðurgreiðslna á grundvelli 1. mgr. Notendur með ¼ niðurgreiðslu eru 303.

Aðgerðin kallar ekki á breytingu á lögum nr. 78/2002

Samtals lækkun 8,5 m.kr.

#### c) Niðurfelling niðurgreiðslna til kirkna, safna, félagsheimila, björgunarsveita o.fl.

Samkvæmt lögum nr. 78/2002 skal kostnaður við hitun kirkna, bænahúsa trúfélaga, safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita niðurgreiddur á sama hátt og hitun íbúða. Niðurfelling þessara niðurgreiðslna myndi spara u.þ.b. 20 m.kr. Væri hitun kirkna áfram niðurgreidd yrði sparnaðurinn um 11,4 m.kr. Í tillögu Orkustofnunar er gert ráð fyrir að áfram verði kirkjur, bænahús og trúfélög niðurgreidd en fjöldi þeirra er 160. Fjöldi safna, félagsheimila og björgunarsveitahúsa, sem eru skráð með niðurgreiðslu, er 102 en erfitt er að fylgjast með skráningu og notkun húsnæðis í þessum flokki. Í lögnum er gert ráð fyrir sérmældri hitun en það er erfiðleikum bundið að framfylgja því þar sem hvorki dreifiveitur né Orkustofnun hafa eftirlit með uppsetningu mæla á viðkomandi stöðum. Það getur orðið mjög dýrt fyrir notendur að breyta eftir að rafmagnstaflan hefur verið sett, ef ekki hefur verið gert ráð fyrir sérmælingu í upphafi. Þá er einnig erfitt að hafa eftirlit með því hvort um blásturshitun er að ræða, sem ekki á að niðurgreiða, eða hvort um hefðbundna hitun er að ræða.

Starfshópur, sem skipaður var af iðnaðarráðherra, um endurskoðun á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, útfærslu á framkvæmd og fjármögnun, hefur farið yfir tillögur Orkustofnunar og tekur hópurinn undir allar tillögurnar nema lið c) Niðurfelling niðurgreiðslna til kirkna, safna, félagsheimila, björgunarsveita o.fl.

Því leggur Orkustofnun til að áfram verði niðurgreidd hitun til kirkna og bænahúsa trúfélaga en niðurgreiðslum til björgunarsveita og félagsheimila verið hætt.

Samtals lækkun 11,4 m.kr.

Þessi leið krefst breytingar á lögum nr. 78/2002.

## **2. Olía og einkarafstöðvar**

Gert er ráð fyrir lækkun milli ára á niðurgreiðslum vegna einkarafstöðva og olúkatla um 6 m.kr. milli ára. Þessi lækkun skiptist milli eftirfarandi liða:

#### a) Niðurfelling niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar frá heimarafstöðvum

Raforkunotkun frá heimarafstöðvum er niðurgreidd. Í upphafi ársins 2011 voru þessar niðurgreiðslur skertar um 1,5 m.kr. Niðurfelling þessara niðurgreiðslna myndi nú spara um 3,0 m.kr. Í dag fá eigendur heimarafstöðva, með niðurgreiðslu, 1,5 kr/kWst en á sama tíma þurfa þeir að leigja mæla til að fylgjast með raforkuframléiðslunni sem kostar þá þriðjung af því sem þeir geta mest haft í niðurgreiðslu á ársgrundvelli. Það má einnig hugsa sér að eigendur heimarafstöðva gætu sótt um eingreiðslu til að endurnýja og auka rekstraröryggi stöðvanna gegn því að fara af niðurgreiðslum.

Samtals lækkun 3 m.kr.

Þessi leið krefst breytingar á lögum nr. 78/2002.

#### b) Hækka nýtingarkröfu olúkatla á svæðum utan samveitna

Þegar lög um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði voru sett árið 2002 var gengið út frá 75% nýtingu olúkatla. Í dag eru nýjust olúkatlar með allt að 95% nýtingu og vitað er að sumir notendur utan samveitna hafa endurnýjað búnað sinn sem bætt hefur nýtingu hjá þeim verulega. Útfærslan gæti verið með þeim hætti að bjóða notendum eingreiðslu til kaupa á nýjum búnaði í samræmi við þann sparnað sem ríkisvaldið sparar við hærri nýtingarkröfu. Með nýtingarkröfu upp á 90% myndu sparast um 3,0 m.kr árlega vegna olíuniðurgreiðslna. Í dag er verið að niðurgreiða olíunotkun niður í meðal niðurgreitt raforkuverð í dreifbýli og nemur niðurgreiðslan um 12 kr/kWst sem er næstum tvöföld niðurgreiðsla í dreifbýli.

Samtals lækkun 3 m.kr.

Tillagan krefst ekki breytinga á lögum.

### **3. Stofnstyrkir**

Gert er ráð fyrir að framlög til stofnstyrkja hækki um 67,3 m.kr. milli árana 2011-2012. sbr. töflu 2.

Stofnstyrkir til hitaveitu Skagastrandar, mun nema allt að 160 til 180 m.kr eftir fjölda tenginga. Væntanlega kemur bara hluti eingreiðslunar til útborgunar á árinu 2012. (Á fjáráukalögum ársins 2011 er gert ráð fyrir 50,0 m.kr. framlagi til veitunnar.)

Verið er að leggja hitaveitu í Sæmundarhlíðinni í Skagafirði, þar sem eingreiðslan er um 10 m.kr. sem greiðist að hluta út á þessu ári og það sem útaf stendur á árinu 2012.

Hugmyndir um hitaveitu framarlega í Hörgárdal, sem hefur verið til skoðunar frá árinu 2009 kallar á eingreiðslu að upphæð 57 m.kr.

Önnur smærri verkefni tengjast lagningu hitaveitu á örfáa bæi hér og þar um landið. Má þar nefna hitaveitu í Vesturbyggð við Krossholt, hitaveitu í Norðurfirði í Arneshreppi, lagningu hitaveitu í Bjarnarfirði ásamt verkefnum hitaveitna sem eru að stækka veitusvæði sitt með tengingu við nokkra bæi á hverjum stað.

Áhugi notenda á varmadælum og öðrum úrræðum sem leiða til minni orkukostnaðar til húshitunar hefur farið vaxandi og námu eingreiðslur ársins 2009 um 10 m.kr vegna þessa en á árinu 2010 fóru þær upp í 40 m.kr og það sem er af árinu 2011 nemur upphæðin 35 m.kr. Reikna má með svipaðri eftirspurn á árinu 2012. Það ræðst þá af því hvort tillögur um breytingar á fyrirkomulagi niðurgreiðslanna sem hér eru nefndar verða ofaná, hvað hægt verður að afgreiða stóran hluta af umsóknum um eingreiðslur frá hitaveitum og einstaklingum á árinu 2012

### **4. Lagabreytingar**

Þær lagabreytingar sem gera þarf þurfa að koma til framkvæmdar fyrir árslok 2011 svo hægt verði að lesa af raforkumælum hjá öllum þeim sem myndu missa niðurgreiðslunnar samkvæmt ofanskráðum tillögum. Óvíst er um hver greiða eigi kostnað vegna þessa en hann gæti legið á bilinu 1,5 til 2,5 m.kr. Annar möguleiki væri sá að nota næsta ár í að kynna notendum væntanlegar breytingar svo þeir gætu sótt um eingreiðslu gegn því að missa niðurgreiðsluna eigi síðar en í árslok 2012.

Ef ekki verður farið út í þær breytingar sem Orkustofnun gerir tillögu um hér að framan lækka eingreiðslur um 25,9 m.kr. en beinar niðurgreiðslur hækka sem því nemur

